

Alþingi
Erindi nr. Þ
komudagur



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Nefndasvið Alþingis

150 Reykjavík

SA/

Rvk. 25.11. 2003

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum, 18. mál, félagsgjöld.

Frumvarp þetta er endurflutt frá 128. löggjafarþingi. Þá óskaði Alþingi eftir umsögn frá Samtökum atvinnulífsins og var hún svohljóðandi.

„Í frumvarpi þessu er lagt til að félagsgjöld sem launþegar greiða til stéttarféлага verði frádráttarbær frá tekjuskatti. Flutningsmenn rökstyðja tillöguna með því að félagsgjöld fyrirtækja til samtaka atvinnurekenda séu frádráttarbær frá tekjum. Samtök atvinnulífsins telja þann samanburð ekki eiga við þar sem allt önnur sjónarmið liggja að baki skattlagningu fyrirtækja en launamanna. Yfirskattanefnd hefur úrskurðað að gjaldfærsla tiltekinna félagsgjalda fyrirtækja sé í samræmi við 31. gr. laga 75/1981 þannig að aðild að vissum félögum styrki möguleika þeirra til tekjuöflunar. Skattalögin heimila hins vegar ekki að launamenn dragi frá tekjum sínum þann kostnað sem þeir leggja í til að afla tekna. Gildir þá einu hvort um er að ræða menntun, vinnuföt og ferðir til og frá vinnu. Frádráttarbærni stéttarfélagsgjalda er því í andstöðu við grundvallaratriði í skattlagningu tekna launamanna. Ef tillaga flutningsmanna yrði samþykkt er vandséð hvar hægt yrði að setja mörkin við frádráttarbærni ýmissa gjalda launamanna frá tekjuskattstofni. Samþykkt hennar hlyti því að veikja undirstöður tekjuskattkerfisins. Í ljósi þess að um 85% launamanna eru í stéttarfélögum og að félagsgjöld eru oft 1% af launum og gjarnan hærri þá má ætla að tekjuskatthlutfall ríkisins þyrfti að hækka um 0,4% ef tekjur ríkissjóðs ættu að vera óbreyttar eftir slíka breytingu.“

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson

Hannes G. Sigurðsson

aðstoðarframkvæmdastjóri



Fylgiskjal með umsögn um frv. til laga um br. á lögum nr. 90/2003 nr. 88/2003

Reykjavík, 5. september 2003

Geir H. Haarde
Fjármálaráðherra
Amarhvoli
150 Reykjavík

Efni: Áherslur í skattamálum

Skattahópur Samtaka atvinnulífsins hefur undanfarið fjallað sérstalega um möguleika þess að aðlag enn frekar íslensk skattalög að alþjóðlegu samkeppnisumhverfi hvað varðar skattlagningu arðs, söluhagnaðar og þóknana til félaga sem skráð eru erlendis. Á sama grundvelli hefur skattahópurinn horft til gildandi ákvæða um skattlagningu hagnaðar erlends félags af sölu eignarhluta í íslensku félagi. Algengt er að tvísköttunarsamningar geymi ákvæði sem fella brott skattskyldu af slíkum tekjum jafnt inn sem út úr landinu. Skattskyldan er hins vegar ótvíræð í dag samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90/2003, þ.e. að af söluhagnaði og arði greiðist 15% tekjuskattur og af þóknunum 18%. Hvað varðar arðinn eru þannig ólíkar reglur eftir því hvort arður er greiddur frá hérlandu félagi til annars íslensks félags eða til félags sem skráð er erlendis, þ.e. 0% milli íslenskra félaga en 15% ef greiddur til félags skráð með skattalega heimilisfesti erlendis. Þá kveða lög in á um 18-26% skatt á söluhagnað erlends félags í íslensku félagi.

Framkvæmd ofangreindra ákvæða íslenskra skattalaga hefur reynst erfið, ekki síst þar sem oft er erfitt fyrir skattyfirvöld að fá upplýsingar um söluverðmæti eða þóknana greiðslur. Ýmis af nágrannalöndum okkar, s.s. Danmörk, Svíþjóð og Írland hafa stigið það skref að afnema skattskyldu á söluhagnaði og arði bæði inn og út úr landinu í skattalöggjöf sinni og þannig aukið frekar á aðdráttarafl sitt sem ríki sem bjóða upp á hagstætt skattaumhverfi fyrir erlenda fjárfesta. Að mati Samtaka atvinnulífsins skiptir miklu máli að sem best samvinna sé á milli stjórnvalda og atvinnulífs um að búa íslensku atvinnulífi þær bestu aðstæður sem þekkjast. Fjárfestingaumhverfið er eitt af lykilatriðunum í því sambandi. Í ljósi þess leggja SA til meðfylgjandi breytingar á lögum nr. 90/2003, en þær miða að því að fara svípaða leið og fyrrgreindar þjóðir og fella brott eða lágmarka skattskyldu af bæði söluhagnaði og arði sem og af greiddum þóknunum út úr landinu og að færa ákvæði um skattskyldu söluhagnaðar inn til landsins í sama horf og gildir um arð sem greiddur er frá erlendu félagi til Íslands.

SA leggja áherslu á að þessar breytingar eiga ekki að hafa áhrif á tekjur ríkissjóðs, þar sem tekjur af þessum þáttum hafa verið í algeru lágmarki. Á hinn bóginn má gera ráð fyrir að slíkar betrubætur á skattalögunum muni greiða leið fjölda erlendra fjárfesta til Íslands og sporna á móti þeirri þróun að íslenskir aðilar flytji fjármagn sitt í vaxandi mæli út úr landinu með stofnun eignarhaldsfélaga á erlendri grundu.

Virðingarfyllst,

Ari Edwald,
framkvæmdastjóri